

Einar E. Sæmundsen.

DAGBÓKARSKÝRSLA SUMARID 1918.

Dagbókarskýrsla sumarið 1918.

=====

I. ferð:

3/VI. Mánudagur:

Með Skógræktarstjóranum að Stóra-Hofi á Rangárvöllum.

4. Þriðjudagur:

Frá Stóra-Hofi um Hraunteig. Ég að Hvammi að Landi, gisti í Múla.

5. Miðvikudagur:

Eyjólfur í Hvammi með uppi að Galtalæk. Ákveðið skógarhögg í Hraunteig og á Merkihvöli. Haldið að Stóra-Hofi um kveldið.

6. Fimmtudagur:

Frá Stóra Hofi og að Þjórsárbrú.

II. ferð: (suður)

23/VI. Sunnudagur:

Lagði ég af stað suður til Reykjavíkur. Átlaði ég að reyna að sækja girðingarefni það, er fara átti til Þjórsárflúns, svo og sækja klippur þar er notast átti bæði á Merkihvöli og í Hraunteig og sem Skógræktarstjórinn hafði símað að geymdar væri hjá Páli Magnússyni. Reyndi ég að fá vagnhest á leiðinni, en ekki mögulegt. Átlaði ég þá að fá hann í R.vík, en það fór á sömu leið. Ekki mögulegt að fá nokkurn vagnhest. Var ég að snúast í þessu fram á fimmtudagsmorgun 27, að ég hélt heimleiðis, án þess að koma girðingarefninu. En klippunum kom ég í flutning hjá Guðm. á Hofi. Fóru 5 dagar í ferð þessa.

III. ferð:

Júli 1. Mánudagur:

Fór ég upp á Land til þess að hafa eftirlit með skógarhöggi. Van nóttina í Hvammi.

2. Þriðjudagur:

Var skógarhöggið með öllu óundirbúið óráðnir menn ofl. Vildi Eyjólfur oddviti vera laus allra mála og bað mig að ráða mennina. Fór ég þá um Landið þennan dag og falaði menn. Var fjöldinn allur ráðinn hjá Gunnlaugi við sandgræðslu. Þó tókst mér að tryggja mér 8 menn og fór ég við það að Galtalæk og var þar nóttina.

Júlí 3. Miðvikudagur:

Árfa morguns fór ég yfir í Hraunteig. Var þangað kominn Guðm. á Hofi og hafði þar 3 menn að höggi. Kom ég þeim á rekspöl með grisjunina og fór svo inn á Merkihöv. Annars var Guðm. samtímis að láta gera vagnbraut inn í Hraunteig, og hafði aðra menn við það. Á Merkihövoli mættu hinir 8 er ég hafði ráðið, og ætluðu þeir að starfa þar til helgar. Höfðu þeir tjöld og útbúnað til þess að liggja innfrá. Setti ég menn þessa niður, sagði þeim fyrir um grisjunina og var yfir þeim fram að miðaftni. Þá fór ég fram í Hraunteig til þess að líta á dagsverkið þar. Var það samilega af hendi leyst, enda tveir mennirnir vanir starfinu. Að Galtalæk fór ég um kveldið.

Júlí 4. Fimmtudagur:

Fór ég strax inn á Merkihöv og var þar fram að nóni. Þangað kom Eyjólfur í Hvammi og lét hann vel yfir. Þangað kom og Gunnlaugur sandgræðslum. með hirð sína og lét hlaða garða mikla til verndar skóginum. Eftir nónið fór ég eftir ósk Guðm. á Hofi fram í torfur að yfirlíta skógarhöggið þar.

Í Vatnsdalstorfu hitti ég á nýupptekið hrís er Vestmanneyingar áttu að fá. Var þar samilega um gengið, enda mun það sannast næst, að síðan Auðunn í Svínhaga tók við umsjón torfunnar, hefir meðferðin á henni stórum batnað. Fær engin þar að höggva utan Auðunn fylgi og þykir sumum nóg um slíka ráðsmennsku. Annaþ þykir mér viðurinn í Vatnsdalstorfu yfirleitt ljótur, og lítið um þroskavænlegar hríslur.

Í Myrkviði hafði Ófeigur yngri í Næfurholti höggvið nýlega um 20 hesta handa Bjólhverfingum. Var það og að sumu leyti betur gert enn almennt gerist, utan á einstaka stað, en hann hafði verið fullnærri uppblæstrinum. Í Myrkviði var og Guðm. að láta hlaða 4 vagna af viði en höggvinn var haustið áður. Leit ég á höggið og er þar skemst frá að segja að það var illa gert, högginn breið braut beint á bratta brekku og tvö stór rjóður sitthvorumegin við efri enda brautarinnar. Benti ég Guðm. á að slíkt mætti ekki eiga sér stað og allra síst ætti slíkt að koma fyrir þá daga, sem hann léti höggva þar. x)

x) Síðar sannabist að Guðm. hefði ekki látið höggva þetta, heldur hefði Ófeigur í Næfurholti hleypt þangað einhverjum Landmönnum í fyrra haust. Þeir orðið naumt fyrir, ekki náð viðnum fyrir snjó.

Hafði þetta verið á sama stað, er Guðm. lét grisja, en Landmenn tekið alt, svo ekki sást fyrir grisjuninni. En viðnum hélt Guðmundur.

Júlí 5. Föstudagur:

Var ég á báðum stöðunum Merkihvöli og Hraunteig. 4 menn í Hraunteig þennan dag og þar með lokið grisjuninni. Lét ég bera viðinn allan upp í kesti og gera svo áætlun um hestburðafjöldann, taldist mér til að grisjað hefði verið þar um 60 hestburðir miðað við 160 p í grænni vigt.

6. Laugardagur:

Var ég á Merkihvöli allan þennan dag, mældi svæðið og númeraði kestina. Voru kestinir frá nr. 1 - 32 og áætlaðir var 90 hestburðir (160 p í grænni vigt) auk þess fékk Gunnl. 3 hestburði til sandgræðslu og var það grisjað þar nálægt, þar sem það var notað. Svæðið, sem grisjað var ca 2 vallardagslátur, liggur innarlega að vestanverðu við Fjallabaksveginn. Alt er þetta smáskógur, mannhæðar kjarr, en afskaplega þétt. En um grisjunina er það að segja, að hún var óvenjulega vandvirknislega af hendi leyst, eftir því sem vænta mátti af alóvönnum mönnum.

Júlí 7. Sunnudagur:

Hélt ég heim til mín að Þjótanda, sem leið liggur.

Áður en ég skilst við þetta mál, vil ég leyfa mér að geta Merkihvols að nokkru. Meðan ég dvaldi þar innra gafst mér kostur á að athuga skóginn langtum betur en nokkru sinni áður. Er hann afskaplega þéttur, framförin ágæt í honum, en þarfnast nú bráðrar grisjunar, enda er hann þroskavænlegastur allra skóga þar nærlendis, beinvaxinn en grannur. Einstaka runna og hrislur fann ég 4 - 5 al á hæð en mestur hluti skógarins er um mannhæð.

Eins og kunnugt er það Landhreppur, sem skóginn á, og má það þakka Eyjólfu í Hvammi hvernig skógurinn er. Þegar hann tók við umsjón hans var þar lítilfjörleg "ló" varla í hrísvönd- þá búið að gerhoggva hann um margt ár. En með því að friða hann algerlega fyrir höggi, hefir hann geta vaxið þetta. Þorir Eyjólfur heldur ekki að hleypa neinum í hann, og má hann hafa þökk fyrir það. Hefi ég tvisvar áður leiðbeint þar dagstund og er það það eina sem höggvið hefir verið, utan haust eitt, sem gerðar voru brautir nokkrar yfir þveran skóginn vestan vegar. En nú þykir Eyjólfu verst að geta ekki yrkt skóginn sem þarf. Eigja þær ástæður þar til, að flestum þykir enn sem komið er, viður sá bezti smár, sem fellur við féttilega grisjun, en hægt um vik að fá hann betri og valdari austan árinna, þar sem Ófeigur leyfir mönnum að ganga sjálfráða. Til þess að ráða bót á þessu eru tvær leiðir:

1. að styrkja Landgrepp til grisjunar eins og síðastliðið vor, svo þeim geti selt viðinn lægra en kostar að grisja hann og með því

staðist samkepnina austan megin - eða

2. að riðja veg svo fært verði með vagna frá Galtalæk og inn á Merkihol og tel ég það heppilegri leiðina. Eftir lauslega áttun gæti ég hugsað mér að slíkur vegur þyrfti ekki að kosta yfir 100-150 krónur og fyndist mér þá síst fjarri að skógræktin legði fram helming eða jafnvel 2/3. En það myndi sýna sig fljótlega að fleiri sæktu á Merkihol yrði vegur gerður þangað inneftir, svo hægt yrði að koma vögnum við, því fegnir verða allir, sem komast hjá því að leggja hesta sína í viðarreiðslu.

Eins og dagbókin ber með sér, var byrjað á því í vor að hlaba garða til að verja skóginn fyrir sandfoki. Enda er þess full þörf. En mér hefir komið til hugar, hvort ekki myndi hægt að girða Merkihol samhliða. Þessir garðar sem hlaðnir voru eru algerlega gripheldir sem stendur, en svo hleðst nú kanske sandur að þeim? En nauðsynlegt væri, ef eitthvað hægðist um að girða blettinn alveg og þá helst alla Rjúpnaveilli líka.^{x)} En skógurinn og og Rjúpnaveillir verða fyrir miklum átroðningi vor og haust af mönnum og fé þegar rekið er fram og til fjalls. Þá var á nokkrum stöðum notaður víður í sandskörðin, gefist það vel verður það til að flýta fyrir grisjuninni, því gott er ef hægt er að láta skóginn verja sig sjálfan. Mætti þá yfirleitt nota það litilfjörlegasta. En hvað sem öllu líður, finst mér Merkihvoli það merkilegur að eitthvað verði að gera honum meira til bóta.

IV. ferð:

Júlí 10. Miðvikudagur:

Fór ég að heiman um Árhraun, yfir Grímsnes og upp í Laugardal. Gisti að Laugarvatni nóttina.

11. Fimmtudagur:

Skobaði ég girðinguna í Laugarvatns- og Snorrastaðalandi og gerði við allar smábílanir, hlóð undir sumstaðar, fékk svo menn hjá Böðvari til þess að bæta og strengja nokkura þræði er slitnir voru í Ketilhöfðal., var það allmikið. Stendur girðingin vel, utan hliðið sem er mesta vandræðatildur. Þyrfti sem allra fyrst að koma grind í það. Síðan fór ég að Miðdalskoti að skoba girðinguna þar og þar skemst frá að segja að hún er fallin með öllu. Staurarnir fúnir eða fallnir og strengirnir að mestu leyti í jörðu nema á niðurkantinum. Þar hafa Dalamenn lappað svo uppá hana, að vörn er í henni þar, enda er hún þar í sambandi við hreppagirðinguna. Fáir eru staurar þeir í girðingunni sem talist geta til frambúðar þó þeir lafi uppi eitt eða tvö ár, tel ég rétt að skipta alveg um þá, þ.e.a.v. verður gert við girðinguna. Annars er ekkert annað að gera, en hirða vírinn og nota hann annarsstaðar. Þó er rétt að geta þess, að framför sá ég í þessum girta bletti frá því 1910 að hann var friðaður og lítið sem ekkert hefir skógurinn bitist síðan girðingin ónýttist. Veldur það nokkru um, að síðan Laugdælir girtu hefir afar mikið friðast um allt skóglendi ofan girðingar. Sauðfé haldið frá skóginum vetur og vor þangað til búið er að

rýja. Svo af þessum ástæðum er ekki eins mikil nauðsyn á girðingunni þar í Miðdalskoti og mætti þess vegna taka hana upp. En réttara súnist mér þá um leið að grisja þennan blett, svo hægt væri að sýna að bletturinn hefði verið undir umsjón Skógræktarinnar. - Að Laugarvatni hélt ég um kveldið.

12. Föstudagur,

Hélt ég frá Laugarvatni og úti í Þingvallasveit. Hjá Gjábakka hittu ég Jónas hreppsstjóra í Hrauntúni og samdist svo með okkur, að hann kæmi næsta morgun að Skógarkoti og fylgdi mér um skógana þar. Hélt ég síðan að Skógarkoti og tók Jóhann bónda þar með mér til þess að athuga með mér girðingarnar og lagfæra. - Austasta (stóra) girðingin talsvert skemd um 20 staurar fúnir eða fallnir og vírinn þar af leiðandi niðri á köflum, og þyrfti við hana að gera fyrir veturinn, hésuðum við vírinn svo að dálítil vörn er í henni í bili meðan fé er á afrétti og því fátt þar um slóðir. Við hinar girðingarnar var minna að athuga t.d. girðinguna næst Þingvöllum alls ekkert. Um miðgirðinguna er það að segja að þar er 1 hornstaur brotinn og fáeinir (aðrir) Gátum við gert svo við hana að í bili er hún sauðheld, en til þess að gera hana góða þyrfti eina 5 staura nýja. Aðallega var það Fjallfurugirðingin, sem talsvert þyrfti að gera við. Það hlaða undir og sumstavar í skörð, sem brotin voru í hana upp á gjáarbarminum, rétta staura og bæta vírnetið. Gat ég ekki lokið því um kveldið og fékk Jóhann til að fullgera það daginn eftir. Annars þyrfti eitthvað að gera við hliðið. Best að setja stiga yfir girðinguna, svo menn hætti að riðlast yfir hana. Af slíkri umferð og mannavöldum eru sumar skemdirnar, en sem myndu minka eða hverfa með öllu, yrði mönnum gert hægara fyrir að komast inn í hana. Því margan fýsir að sjá fjallafuruna, svo er hún áberandi orðin.

13. Laugardagur.

Kom Jónas á tilteknum tíma, en þá vantaði hesta mína. Var þeirra leitað um stund en fundust ekki. Þá ríður Hallmundur á Gjábakka fram úr hrauninu og rak hann hestana. Hafði hann séð til þeirra um morguninn austur veg, og þekkti þá. Elti hann þá svo en náði ekki fyrir en austan við Dímon og var nú kominn með þá. Var mér þetta mikil greiðvikni, því ekki hefðu þeir numið staðar fyrir en austur í Dal og þá dregist að ég næði í þá. - Riðum við Jónas hreppsstjóra þá á Skóginn til að athuga höggið. Fórum við fyrst fram og aftur um lághraunið milli Skógarkots og Vatnskots, Hefir þar verið höggið mikið frá Þingvöllum, er það smávaxið beitarkjarr, kræklótt og þroskalaust, strjálir runnar og ætti þar af leiðandi að möggvast sem minst, enda lélegur eldiviður. Ekki var þarna rjóðurfelt, heldur grisjað að nokkru, í frekara lagi þó. En full ástæða sýnist að benda hlutaðeigendum á það tjón, er þeir bíða við það, að flytja heim þetta smáhrís, staðinn fyrir að sækja þangað sem betra er, þó dálítið sé lengra. Síðan fórum við upp hjá Sigurðaseli og um Brúnir. Þar hefur verið höggið nokkuð, einkum af Símoni í Vatnskoti, svo af Þingvalla - Pétri, sömuleiðis hafa þeir þangað sótt dálítið ofan yfir Gjá og framan úr Arnarfelli. Er þar að sumu leyti ekki svo illa um gengið, grisjað víðasthvar, en fullmikið eins og verða vill, en hvergi rjóðurfelt. En þarna um Brúnirnar er fallegastur og mestur

skógur Þingvallahraunsins, digrir stofnar, ágætir til smíða og eldingar, svo furðu gegnir að þangað skuli ekki sótt langt um meira heldur en gert er. Til þess að notfæra sér þennan skóg, væri ráð að gera braut úr Vatnsvíkinni og austur um Brúnir. Sú braut þyrfti ekki einu sinni að vera fyrir vagna, svo að henni yrði mikið gagn. En vagnbraut mætti það vera, og ætti ekki að kosta mikið, því alt er ofan í mót, sem laga þarf. Viðinn mætti svo flytja úr Vatnsvíkinni, annað hvort á vagni, eða þá á sleðum á vatninu er ísa legði og það tel ég heppilegra. Þá gætu allir bæir umhverfis Þingvallavatn notfært sér þetta og miklu er af að taka, hvað skóginn snertir. Með þessu myndi skógurinn grísjast með tímanum, þroskast og batna. En sjálfsagt væri að fastir skógarhöggsmenn sæju um grísjunina, - Á leiðinni uppeftir og eins niðureftir gafst mér kostur á að sjá suma runna og blétti, er Jóhann í Skógarkoti hafði grísjað og var það eins og ég hafði búist við, vel af hendi leyst, enda sýndi Jóhann þó snemma að hann skildi hvað í húfi var, og vildi hagnýta skóginn á réttan hátt.

Rétt þykir að geta þess, að hreyft var við mig hvort U.M.F. Þingvallasveitar myndi ekki geta fengið austustu (stóru) girðinguna til stáfrækslu undir yfirumsjón Skógræktarinnar. Skildist mér á öllu, að félagið myndi vilja taka hana að sér í því ásigkomulagi sem hún er núna, fengi það staurana (ca 25) sem þyrfti henni til endurbóta, og gera svo við hana upp á eigin spýtur.^{x)} Þá vil ég leyfa mér í þessu sambandi vekja athygli á því, hvort ekki þætti tiltækilegt að fela eftirlit og aðgerðir Þingvallagirðinganna einum manni þar í sveitinni. Að skógræktin sjálf hafi eftirlitið eins og hingað til, kemur ekki að fullum notum því dregist getur fyrir mönnum hennar að koma á vetfang strax og bilanir hafa orðið. En maður í sveitinni ætti sem oftast að fara nærri um hvenær skemmdirnar yrðu. Og þó dálítið yrði að greiða fyrir slíkt eftirlit, fins mér ekki þurfa að sjá svo í það ef mannum er að treysta sem eftirlitið yrði falið. Og ég þykist af nokkuri reynslu geta bent á manninn: Jóhann Kristjánsson bónda í Skógarkoti. Hann hefir oftast verið mér meira og minna hjálplegur við aðgerðir á girðingunum, þau voru, sem ég hefi verið þar á ferð í þessum erindagerðum, að auki drengur góður og áreiðanlegur í öllum viðskiptum.

^{x)} Og núna í haust 9. okt. var form. U.M.F. Björgvin Halldórsson á Kárastöðum hér á ferðinni og talfærði þá þetta sama við mig að félagið fengi girðinguna. Taldi og engin tormeiki á því, úr því félagið vildi gera við hana og halda henni við, enda verð ég að mæla hið besta fram með þessari málaleitun hans. Skógræktinni ætti að vera innan handar að sjá svo um að félagsmenn hirtu girðinguna og yrktu réttilega þá. Þá gat hann og þess, að þeir vildu gróðusetja þar aðrar tegundir en vaxa þar og óskaði að Skógræktin leiðbeindi í þeim sökum

Þá spyrðist hann fyrir um hverjum viður sá tilheirði er félli þar í girðingunni er farið yrði að grísjá og gaf ég honum vonir um að það yrði félag hans sem yrði þess aðnjótandi, svo framalega sem að samningnum yrði og það sæi um viðhald. En um allt þetta sagði ég honum að skrifa Skógræktarstjóranum.

Komið var fram yfir nónn er við Jónas höfðum lokið ferðum okkar um skóginn. En frá Skógarkoti komst ég ekki fyr en um miðjan aftan og hélt sem leið liggur niður að Björk.

14. Sunnudagur.

Haldið niður Grímsnes að Kiðjabergi yfir ána þar og heim.

V. ferð:

Miðvikudaginn 14. ágúst símaði hr. Skógræktarstjórinn og átti ég samkv. boði hans að næta á Þingvöllum þ. 16 s.m. kl. 12 á hádegi. Hafði svo talast milli okkar áður er við hittumst í R.vík (4 ágúst) að ég kæmi á Þingv. en áður átti ég að hafa náð sambandi við Gest á Hæli og vita hversu honum litist á að fara inn í Búrfell með einhvern mannafla og grisja og jafnvel fleyta um leið, og yrði það, átti ég að ná snærisdóti og akkerum er geymd voru á Kiðjabergi. Gest bónda hafði ég hitt á Ásólfstöðum 7. ág. og bjóst hann við að úr Búrfellsferðinni gæti orðið, en vildi þó ekki ákveða það svona fjarri sveitungum sínum og lofaði að láta mig vita er hann yrði á ferð næstu daga. En þegar mér barst ofanefnt símböð, hafði Gestur ekki komið og ekkert svar frá honum. Var ég því í dálitlum vanda staddur, Hestarnir illa jarnaðir til þess að fara í langferð sem hlaut þó að verða, yrði farið austur sveitir og inn í Búrfell og engin ferð orðið neðan frá Bakka, en þangað hafði ég símað eftir skeifum. Tók ég þá það ráð að gera eina ferð úr öllu saman: Fara að Kiðjabergi og ná í snærisdótið og þaðan niður á Bakka og láta jarna hestana og síðan heim, ef ske kynni að komið yrði svar frá Gesti. - Við ána á Kiðjabergi tafðist ég lengi, enginn heima til þess að ferja, allir á engjum, svo þaðan komst ég ekki fyr en um náttmál. Að Tryggvaskála kom ég um miðnætti, beiddist gistingar, en fékk það svar að þar væri alt fult fyrir. Lá ég þá úti nótt þá, en hrollkalt var mér enda frost.

Fimmtudagur 15.

Fór ég á Bakkann og lét jarna hestana komst þaðan um hádegi og hélt þá heim. Var þá Gestur kominn með franska Consúlnum og hafði þau tíðindi að segja að úr Búrfellsferð gæti ekki orðið að sinni. Allir í þurki og því engin mannaráb hjá bændum til skógarhöggs og líklega ekki til hausts. Var mér þetta nóg, og fór ég upp á engjar og sætti 10 hesta er ég átti þar þurra. Varð kl. 9 er ég komst af stað og hélt eg svo sem leið liggur að Árhrauni. Þar var enginn heima, svo ekki komst ég yfir ána fyr en í kolsvarta myrkri um nóttina. Hélt ég svo upp að Björk, en sóttist seint í myrkriinu, þangað kom ég kl. 5. lagði mig þar 2 stundir og hélt svo uppeftir og náði þangað lítið eitt yfir hádegi.

Föstudagur 16.

Á Þingvöllum. Fór ég með Skógræktarstjóranum um hraunið. Um kveldið hélt ég að Skógarkoti og var ég þá orðin þreyttur.

Laugardagur 17.

Fundust hestarnir ekki fyr en komið var langt fram á dag. Höfðu þeir um morguninn flúið inn í hús undan mýbitinu er var afskaplegt og leyndust þar. Hélt ég svo austur í Laugadal og gisti á Laugarvatni.

Sunnundagur 18.

Hélt ég svo heimleiðis. Kom við á Torfastöðum og var þar á sláttumótinu.

VI. ferð.

Laugardagurinn 28. september.

Fór ég með Skógræktarstjóranum austur að Múlakoti.

Sunnudagur 29.

Um kyrt í Múlakoti.

Mánudagur 30.

Urðum við samferða að Efra-Hvoli. Þaðan fór ég að Geldingalæk. Kom við á Stóra-Hofi og óskaði Guðmundur eftir að ég kæmi og yrði við skógarhögg þeirra Rangvelllinganna, sem verða ætti föstudag og laugardag í næstu viku.

Þriðjudagur 1. október. II

Haldið heim.

Miðvikudagur 2.

Upp að Skriðufelli.

Fimmtudagur 3.

Haldið fram í Búrfell og þaðan fram í sveit, gist að Stóma-Núpi.

Föstudagur 4.

Haldið niður að Þjórsárbrú

Laugardagur 5.

Með hestana út að Kollastaðarnesi, þaðan niður á Bakka.

Sunnudagur 6.

Haldið heimleiðis.

Vll. ferð

Fimmtudagur 10. október:

Hélt ég upp á Land til þess að vera við skógarhögg í Hraunteigi samkvæmt beiðni Gum. á Hofi. Fékk ég afspyrnu norðanrok með grimdar frosti. Komst ég að Múla og gisti þar. x)

Föstudagur 11.

Var ég árla á fótum og hélt að Galtalæk, Hélt svo yfir í Hraunteig. Guðmundur þá ókominn, kom ekki fyrr en um nónn. Fór ég svo inn um allar Torfur og snerist þar fram og aftur, eftir því sem mennirnir komu. Þennann dag var höggið sem hér segir.

Í Hraunteig 4 menn með 8 hesta.

Í Hellisdal 4 " " 11 "

Ó Hofstorfu 2 " " 4 " (Á 2 vögnum)

Í Vatnsdalstorfu 4 menn með 4 hesta (Á 2 vögnum)

Samtals höggið og flutt burt 27 hestburðir.

Misjafnlega var höggið, sumir búnir er ég kom á vettvang, höfðu höggið daginn áður. En hvergi var rjóðurfellt, þó mennirnir væru sjálfráðir, en víða seilst eftir vænni hríslum og er þeim slíkt verkunn í því efni. Flestir gerðu sér far um að fara eftir leiðbeiningum mínum og grisjuðu samilega þegar ég var nærri og sumir jafnvel þó að ég viki mér frá, enda voru sumir sem sóttu þeirri þingöngu eldivið og fengust lítt um að velja viðinn. En þeir sem húsavið voru að sækja vildu fremur ná í vænni hríslurnar svo hjá þeim varð grisjuninn ekki eins góð

Að Galtalæk héldum við um kvöldið og vorum þar fyrir 11 næturgestir alltsaman skógarmenn.

x) Þennann dag var Blesi (vagnhestur) tekinn af Steini í Oddhól og fluttur að Móeiðarhvoli.

Laugardagur 12.

Var ég bæði í Hraunteigi og inni í torfum að líta eftir. Var höggið sem hér segir:

Í Hraunteigi	5	menn	með	12	hesta
Í Lambatanga	3	"	"	6	"
Í Heimaskógi	1	"	"	2	"
Í Myrkviði	2	"	"	4	"

Alls höggið og flutt burtu 24 "

Auk þess hafði Guðm. 3 menn í Hraunteigi og grisjuðu þeir áfram í sambandi við það er grisjað var í vor, unglingur hirti saman og bar í kesti ætluðum við þetta ca 15 hestburði. Líkaði mér vel við flesta menn þessa enda höfðu sumir þeirra verið við grisjun í vor og áður. Seinni hluta dagsins voru allir búnir, hélt ég þá að Galtalæk. Þá sást mökkurinn úr Kötlu og var það stórfengleg sjón Halðið heim og var það óskemmtileg ferð í þreytandi óskubyl svo varla ratljóst um hádegi.

Áður en ég skylst við skýrslu þessa vil ég minnst litið eitt á Ófeig Ófeigsson bónda í Næfurholti og afskifti hans af skóginum Okkur Guðmundi gafst kostur á að sjá aðfarir hans í Hraunteigi að þessu sinni. Var hann að reiða heim við fyrri daginn. Var það inzt í Hraunteig en þar er uppblástur og sandskörð inn í kjarrið. Hafði Ófeigur höggið víða á tungunum milli skarðanna og það alveg út á bakkana og látið auk þess hjálpar sópa um kalviðinn og viðarræturnar í bökkunum. ER þetta að mínum dómi mikil skemd á skóginum kalviðurinn og ræturnar í bökkunum veita nokkurt viðnám og hefta fyrir stormunum að vinna sitt verkjög um að gera að skerða ekki neitt á tunguodduðum. Þar getur víðurinn óhreyfður tafið fyrir sandblæstinum. Því má ekkert af þessu hreyfa. Má slík meðferð á skóginum ekki líðast og gæti komið til mála að láta Ófeig sæta fésektum fyrir, enda heyrðist mér á Guðm. á Hofi að honum væri allt annað í hug en að sleppa Ófeigi að þessu sinni. Því auk þessa mun Guðm. gruna Ófeig um að hann selji og láti höggva bæði í Hraunteigi (en það a hann ekki með) og víðar, og mest af því aðra daga en þá sem ákveðnir erutil skógarhöggisins.

Eftir að þetta er ritað skýrði Guðm. mér frá því er hann var á ferð snemma í nóvember, að hann hefði klagð afskifti Ófeigs til sýslumanns og Ófeigur mætt á Efrahvoli og orðið fyrir fjárútlátum, hann vissi ekki hvað miklu. En það heyrði hann á Ófeigi að hann ætlaði að láta sér segjast. Hætta að höggva í Hraunteig og leyfa engum skóg utan hina ákveðnu daga. Og hafði Guðm. góðar vonir um, að Ófeigur myndi efna þetta.

Og hefi ég þá ekki frá fleiru að skýra störfum mínum og ferðum viðvíkjandi.

Þjótanda 27. nóv. 1918

Einar Sæmundssen